



# Samfélagsskýrsla Samkaupa 2020

samkaup



# Efnisyfirlit

## 1

### Ávarp stjórnenda

|                  |   |
|------------------|---|
| Ávarp stjórnenda | 7 |
|------------------|---|

## 2

### Samkaup

|                                             |       |
|---------------------------------------------|-------|
| Hver er sagan                               | 9     |
| Samfélagsábyrgð                             | 10    |
| Samfélagsstefna Samkaupa                    | 11    |
| Samfélagsmarkmið 2020                       | 12    |
| Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Samkaupa | 13-15 |

## 3

### Samkaupaliðið

|                                    |    |
|------------------------------------|----|
| Samkaupaliðið                      | 17 |
| Jafnrétti                          | 18 |
| Markmið Samkaupa í jafnréttismálum | 19 |
| Jafnlaunavottun                    | 20 |
| Velferðarþjónustan                 | 21 |
| Menntun og fræðsla                 | 22 |
| Menntasprotinn 2020                | 23 |
| Starfsfólk Samkaupa og Covid-19    | 24 |

## 4

### Umhverfisstefna

|                                         |       |
|-----------------------------------------|-------|
| Umhverfisstefna                         | 26-27 |
| Minni sóun                              | 28    |
| Flokkun á sorpi                         | 29    |
| Umbúðir breytast                        | 30    |
| Plastpokanum útrýmt                     | 31    |
| En „litlu“ atriðin skipta líka máli     | 32    |
| Raforka – Heitt og kalt vatn            | 33    |
| Hvað gerðum við árið 2020?              | 34-35 |
| Kaupum rétt                             | 36    |
| Innlend grænmetis- og ávaxtaræktun      | 37    |
| Kolefnisjöfnun Samkaupa                 | 38    |
| Nettó Krossmói – Fyrsta græna verslunin | 39    |

## 5

### Samfélagsleg ábyrgð

|                                              |       |
|----------------------------------------------|-------|
| Samfélagssjóður Samkaupa                     | 41    |
| Styrktarmál                                  | 42-43 |
| Bakhjarl verkefnisins „Hvað getum við gert?“ | 44    |
| Nettó veitir milljónum til góðgerðarmála     | 45    |
| Notum netið til góðra verka                  | 46    |
| Heilsu- og lífsstílsdagar Nettó              | 47    |

## 6

### Tækni og nýsköpun

|                       |    |
|-----------------------|----|
| Framtíðarsýn Samkaupa | 49 |
| Netverslun Nettó      | 50 |
| Nýsköpun í verki      | 51 |

## 7

### Lokaorð

53



1

# Ávarp stjórnenda





# Ávarp stjórnenda



Árið 2020 markar fyrsta árið sem Samkaup gefur út formlega samfélagsskýrslu en um árabíl hefur fyrirtækið lagt áherslu á að samfélagsábyrgð sé samþætt allri starfsemi Samkaupa. Hugað er að þeirri ábyrgð á öllum stigum rekstursins, í stefnumótun og daglegum ákvörðunum.

Það er fyrirtækjum stór áskorun í dag að huga vel að sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð, ekki aðeins það sem skrifað er í samfélagsskýrslu heldur að orðum fylgi raunveruleg markmið og stefna. Fyrirtæki í dag eru oft á tíðum að starfa í umhverfi sem einblínir á rekstrarlegan árangur. Það hefur þó sýnt sig að með aukinni samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni verður samkeppnishæfni fyrirtækja meiri. Neytendur okkar og samfélagið í heild gerir sívaxandi kröfur um að við stöndum okkur vel í því verkefni.

Árið 2020 hefur verið óvenjulegt á marga vegu og hægt er að draga lærdóm af þeim áskorunum sem upp hafa komið í okkar samfélagi. Á þessum fordæmalausum tímum höfum við hjá Samkaupum lagt áherslu á að styðja vel við okkar öfluglu framlínu og vera þannig í forsvari

fyrir velferð starfsmanna. Við erum afskaplega stolt af þeim aðgerðarpakka sem við lögðum fram fyrir okkar starfsfólk auk þess að setja upp til framtíðar, víðtæka velferðarþjónustu Samkaupa, sem snýr alfarið að heilsu og velliðan starfsmanna. Við teljum að stór hluti af okkar ábyrgð liggir í því að styrkja okkar starfsfólk. Hjá Samkaupum vinna um 1400 starfsmenn og þar af eru 1350 í framlínu í verslunum okkar. Þetta er öflugur hópur sem mikilvægt er að styðja vel við og vinna statt og stöðugt í að styrkja og efla til framtíðar.

Árið 2020 var viðburðaríkt hjá félaginu, þar sem snemma á árinu bættist við verslunin Krambúðin á Hólmavík. Þá var settur aukinn þungi í netverslun Nettó með tilkomu nýrrar uppsetningar netverslunarinnar inni í vöruhúsi. Samkaup hlaut Menntasprotann fyrir nýsköpun í menntun og fræðslu starfsmanna. Við erum gríðarlega þakklát fyrir þessa viðurkenningu sem hvetur okkur til að gera enn betur og halda áfram þeirri vegferð sem Samkaup er á, að vera eftirsóknarverðasti vinnustaður á Íslandi. Við sem stjórnendur Samkaupa, höfum einsett okkur að hafa áhrif til góðs og

vinnnum stöðugt í því að sýna það í verki. Það er í samtali við starfsfólkið okkar, viðskiptavinum og birgja sem við finnum nýjar leiðir og hugmyndir vakna. Við viljum því að lokum þakka þeim öllum. Takk fyrir að vera með okkur á vegferðinni, saman getum við gert svo miklu meira.

Verkefni ársins 2021 eru mörg og munu stuðla að því að Samkaup verði áfram framsækið verslunarfyrirtæki sem er þekkt fyrir að fara alla leið í þágu vörugæða og þjónustu, samtímis því að vera í fararbroddi í nýsköpun og skapa tækifæri fyrir viðskiptavinum, samfélagið okkar og síðast en ekki síst, Samkaupaliðið – starfsfólkið okkar.

## Ómar Valdimarsson

Forstjóri

## Gunnar Egill Sigurðsson

Framkvæmdastjóri verslunarsviðs

## Gunnur Líf Gunnarsdóttir

Framkvæmdastjóri mannauðssviðs

## Stefán Ragnar Guðjónsson

Framkvæmdastjóri innkaupasviðs

## Heiður Björk Friðbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs



2

Samkaup







## Hver er sagan

Samkaup reka rúmlega 60 verslanir víðsvegar um landið. Þær spanna allt frá lágvöruverðsverslunum til hverfisverslana. Helstu vörumerki Samkaupa eru Nettó, Kjörbúðin, Krambúðin og Iceland.

Samkaup er leiðandi fyrirtæki í viðskiptaháttum, vörugæðum og þjónustu og byggir á traustum grunni kaupfélaganna sem virkur þátttakandi í samfélaginu. Samkaup starfar á íslenskum dagvörumarkaði og reisir rekstur sinn á gæðum, góðri þjónustu og fjölbreyttu vöruvali á eins hagstæðu verði og völ er á. Grunnurinn í þjónustu Samkaupa er fjölbreytni og sveigjanleiki til þess að uppfylla hinar ýmsu þarfir viðskiptavina sem og tengsl við viðskiptavinum í öllum byggðum landsins. Samkaup leggja áherslu á að vera eftirsóttur vinnustaður með öflugt lið starfsmanna sem eru um 1400 talsins.

Styrking á innviðum Samkaupa á vettvangi samfélagsábyrgðar og umhverfis hefur verið sérstakt áhersluverkefni síðustu ár. Mikill kraftur hefur verið settur í málaflokkinn og frekari styrking hans er ein af lykiláherslum í stefnu-mótun félagsins til framtíðar.





## Samfélagsábyrgð

Samkaup hafa um langt skeið lagt áherslu á að vinna að mikilvægum samfélagsmálum. Markmiðið er að vera stöðugt öflugri þátttakandi í samfélaginu, leggja góðum málefnum lið og hafa jákvæð áhrif á þróun samfélagsins.

Þannig hafa Samkaup, með breytingum innanhúss, beitt sér fyrir minni sóun, bættu umhverfi, betri heilsu og heilsuefningu en auk þess veitt ytri aðilum fjárhagsstuðning.

Öflugt starf á sviði styrktar- og stuðningsmála á landsvísu hefur einkum verið sýnilegt í gegnum vörumerki Nettó og Kjörbúðarinnar.



# Samfélagsstefna Samkaupa

Samfélagsstefna Samkaupa er hluti af heildarstefnu fyrirtækisins og undir hana heyrir einnig umhverfisstefna félagsins. Samkaup leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð í allri starfseminni sem endurspeglar metnað fyrirtækisins til að vera traustur og virkur þátttakandi í samfélaginu.

Samkaup virða væntingar lykilhagsmunaaðila til fyrirtækisins og móta áherslur í efnahagslegum, samfélagslegum og umhverfislegum þáttum með þær að leiðarljósi.

Gildi Samkaupa; **kaupmennska**, **áræðni**, **samvinna** og **sveigjanleiki**, eru hornsteinar í starfi Samkaupa og eru leiðarljós í að gera Samkaup að eftirsóknarverðum vinnustað þar sem jafnrétti og jafnræði allra er virt.

Markmið Samkaupa er að vinna markvisst að því að bæta samfélagið, hvort sem um er að ræða nærsamfélagið, landið allt eða á heimsvísu. Til þess kappkostar Samkaup að vera með skýra samfélagsstefnu, siðareglur um hegðun fyrirtækisins og metnaðarfull

markmið í takt við þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem samræmast starfsemi fyrirtækisins.

Samfélagsverkefni Samkaupa beinast aðallega að því sem tengist starfsemi fyrirtækisins beint og varðar einkum starfsfólk, viðskiptavini, birgja og samstarfsaðila, vörur og þjónustu. Þá er einnig stuðningur við verkefni sem stuðla að betra samfélagi án þess að þau tengist starfseminni.





# Samfélagsmarkmið 2020

Meðfram samfélagsverkefnunum vann Samkaup markvisst að settum samfélagsmarkmiðum sem lögð voru fyrir árið 2020.

- ✓ Stuðla að aukinni heilsu og heilsuefingu ungmenna.
- ✓ Bæta forvarnir í næringu barna og ungmenna.
- ✓ Auka sýnileika á heilsuvörum.
- ✓ Stuðla að aukinni vellíðan starfsmanna á öllum starfsstöðvum.
- ✓ Skrá Samkaup sem aðila að Jafnréttisvoginni.



## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Samkaupa

Ein af aðalhugsjónum Samkaupa er að vinna markvisst að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Eftir ítarlega skoðun hefur Samkaup tekið ákvörðun um að einblína á eftirfarandi 8 af 17 heimsmarkmiðum:

**Markmið 3:** Heilsa og vellíðan

**Markmið 4:** Menntun fyrir alla

**Markmið 5:** Jafnrétti kynjanna

**Markmið 8:** Góð atvinna og hagvöxtur

**Markmið 9:** Nýsköpun og uppbygging

**Markmið 12:** Ábyrg neysla og framleiðsla

**Markmið 13:** Aðgerðir í loftslagsmálum

**Markmið 17:** Samvinna um markmiðin





# Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Eftirfarandi töflur sýna tengingu helstu verkefna við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

| Verkefni/markmið                      | 1<br>ENGIN<br>FÁTÆKT | 2<br>EKKERT<br>HUNGUR | 3<br>HEILSA OG<br>VELLÍÐAN | 4<br>MENNTUN<br>FYRIR ALLA | 5<br>JAFNRÉTTI<br>KYNJANNA | 6<br>HREMT VATN OG<br>HREINLÆTISDASTAÐA | 7<br>SJÁLFBÆR<br>ORÐA | 8<br>GÓÐA VINNA<br>OG HAGVÖXTUR | 9<br>NÝSKÖPLUN OG<br>UPPRYGGING | 10<br>AUKINN<br>JÖFNUBUR | 11<br>SJÁLFBÆRAR BORGIR<br>OG SAMFÉLÖG | 12<br>ÁBYRG MEYSLA<br>OG FRAMLEIÐSLA | 13<br>AÐGERÐIR Í<br>LOFTSLAGSMÁLUM | 14<br>LÍF Í<br>VATNI | 15<br>LÍF Á<br>LANDI | 16<br>FRÍÐUR OG<br>RÉTTILÆTI | 17<br>SAMVINNA UM<br>MARKMIÐIN |
|---------------------------------------|----------------------|-----------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|-----------------------------------------|-----------------------|---------------------------------|---------------------------------|--------------------------|----------------------------------------|--------------------------------------|------------------------------------|----------------------|----------------------|------------------------------|--------------------------------|
| Samfélagsstyrkir                      | ●                    | ●                     | ●                          | ●                          |                            |                                         |                       |                                 |                                 | ●                        | ●                                      | ●                                    | ●                                  |                      |                      |                              | ●                              |
| Loftslagssáttmáli                     |                      |                       |                            |                            |                            |                                         |                       |                                 |                                 |                          | ●                                      | ●                                    |                                    |                      |                      |                              |                                |
| Jafnréttisáætlun                      |                      |                       |                            |                            | ●                          |                                         |                       |                                 |                                 | ●                        |                                        | ●                                    |                                    |                      |                      |                              |                                |
| Jafnlaunavottun                       |                      |                       |                            |                            | ●                          |                                         |                       |                                 |                                 | ●                        |                                        | ●                                    |                                    |                      |                      |                              |                                |
| Nám og menntun fyrir starfsfólk       |                      |                       |                            | ●                          | ●                          |                                         |                       | ●                               | ●                               |                          |                                        | ●                                    |                                    |                      |                      |                              |                                |
| Ráðning starfsmanna m/ fötlun         |                      |                       |                            |                            | ●                          |                                         |                       | ●                               | ●                               |                          |                                        |                                      |                                    |                      |                      |                              |                                |
| Fagnám verslunar og þjónustu          |                      |                       |                            | ●                          | ●                          |                                         |                       | ●                               | ●                               |                          |                                        |                                      |                                    |                      |                      |                              |                                |
| Rafrænn fræðsluvettvangur starfsfólks |                      |                       | ●                          | ●                          | ●                          |                                         |                       | ●                               | ●                               |                          |                                        |                                      |                                    |                      |                      |                              |                                |
| Kolefnisjöfnun - Kolviður             |                      |                       |                            |                            |                            |                                         |                       |                                 |                                 |                          |                                        | ●                                    | ●                                  |                      | ●                    |                              |                                |
| Samfélagsskýrsla                      |                      |                       |                            |                            |                            |                                         |                       |                                 |                                 |                          |                                        | ●                                    |                                    |                      |                      |                              | ●                              |



# Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Eftirfarandi töflur sýna tengingu helstu verkefna við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

| Verkefni/markmið                        |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
|-----------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Minni matarsóun                         | ●                                                                                 | ●                                                                                  |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     | ●                                                                                   | ●                                                                                   |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |
| Auka vægi fjölnotapoka                  |                                                                                   |                                                                                    |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     | ●                                                                                   | ●                                                                                   |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |
| Minna umbúðaplast                       |                                                                                   |                                                                                    |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     | ●                                                                                   |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |
| Niðurbjótanlegir ávaxtapokar            |                                                                                   |                                                                                    |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     | ●                                                                                   |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |
| Niðurbjótanlegir burðarpokar            |                                                                                   |                                                                                    |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     | ●                                                                                   |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |
| Útskipting kælimiðla                    |                                                                                   |                                                                                    |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     | ●                                                                                   | ●                                                                                   |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |
| Burðarpokar umhverfisvænir í netverslun |                                                                                   |                                                                                    |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     | ●                                                                                   | ●                                                                                   |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |
| Útrýma plasti í ávöxtum/grænm.          |                                                                                   |                                                                                    |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     | ●                                                                                   |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |
| Fækka útsendum reikningum               |                                                                                   |                                                                                    |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     | ●                                                                                   |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |



3

Samkaupalið





## Samkaupaliðið

Starfsfólk Samkaupa er ein helsta auðlind fyrirtækisins og lykilþáttur í að ná góðum árangri. Meginmarkmið Samkaupa er að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæða og heilbrigða menningu, jafnrétti og opin samskipti, sterka liðsheild þvert á vörumerki félagsins, tækifæri starfsfólks til aukinnar menntunar, fræðslu og starfsþróunar og góðri upplýsingamiðlun. Fyrirtækjamenning Samkaupa stuðlar að því að allir starfsmenn fá tækifæri til að þroskast, bæði persónulega og í starfi.







## Jafnrétti


Jafnrétti á vinnustaðnum og jafnrétti í samfélaginu hefur verið sérstakt áhersluverkefni hjá Samkaupum síðustu ár. Samkaup hefur sett sér skýra stefnu í jafnréttismálum sem er órjúfanlegur hluti af heildarstefnu félagsins.

Framkvæmdastjórn Samkaupa hefur skuldbundið sig í allri stefnumótun að stuðla að auknu jafnrétti og samþykkt jafnréttisáætlun sem er í samræmi við lög nr. 10/2008, nr. 86/2018, nr. 80/2019 sem og önnur lög, reglur og kröfur er snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma.

Hjá Samkaupum er lögð áhersla á að allt starfsfólk sé metið að verðleikum og njóti jafnra tækifæra á vinnustaðnum. Starfsfólki er ekki mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, fötlunar, skoðana eða annarra þátta. Árlega rýna stjórnendur stefnuna ásamt jafnréttisáætlun, jafnréttismarkmiðum og vinna að stöðugum umbótum. Framkvæmdastjórn ákvað þátttöku Samkaupa í Jafnvægisvog FKA 2020 og hlutu þar viðurkenninguna Jafnvægisvogin 2020.



# Markmið Samkaupa í jafnréttismálum



- Samkaup greiðir konum og körlum jöfn laun og býður sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Samkaup býður jafnan aðgang að störfum ásamt jöfnum tækifærum til framgangs í starfi, óháð kyni.
- Samkaup býður starfsfólki sömu tækifæri til að þróast í starfi með starfsþjálfun, menntun og fræðslu, óháð kyni.
- Samkaup leggur áherslu á að vera fjölskylduvænn vinnustaður þar sem hægt er að samræma skyldur fjölskyldu og atvinnulífs.
- Samkaup líður ekki kynbundna, né kynferðislega áreitni, einelti eða ofbeldi á nokkurn hátt.





„Þá hefur verið lögð áhersla á að fjölga sérstaklega konum í efsta stjórnendalagi félagsins og er í dag helmingur framkvæmdastjóra kvenkyns“

## Jafnlaunavottun

Þegar heildarfjöldi stjórnenda er skoðaður út frá kynjahlutföllum er jafnvægi á milli kynja mjög gott, 48% karlar og 52% konur. Stærsti hópur stjórnenda félagsins eru verslunarstjórar sem eru 62 talsins. Þegar litið er á kynjaskiptingu er jafnvægi gott með 47% karla og 53% konur. Þá hefur verið lögð áhersla á að fjölga sérstaklega konum í efsta stjórnendalagi félagsins og er í dag helmingur framkvæmdastjóra kvenkyns en til samanburðar var enginn kvenkyns stjórnandi í framkvæmdastjórn árið 2018.

Árið 2018 hlaut félagið jafnlaunavottun án athugasemda og fór félagið í gegnum þriðju úttektina á jafnlaunakerfinu í nóvember 2020. Hægt er að skoða heildarárangur af markvissum aðgerðum síðustu ára, en við launagreiningu 2018 var launamunur í félaginu 3,1%. Árið 2019 var hann 2,9% en í dag, árið 2021, er launamunur vart mælanlegur eða 0,4%.



# Velferðarþjónustan

Velferðarþjónustu Samkaupa er ætlað að stuðla að auknum lífsgæðum starfsmanna og að Samkaup bjóði upp á þjónustu til að takast á við óvænt áföll og erfiðleika, ásamt því að auka ánægju og öryggi allra starfsmanna. Velferðarþjónustan tryggir að starfsmenn og nánustu ættingjar þeirra geta leitað aðstoðar hjá breiðum hópi fagaðila vegna persónulegra mála sér að kostnaðarlausu og án milligöngu stjórnenda fyrirtækisins. Heilsuvernd heldur utan um velferðarþjónustuna fyrir Samkaup.

Starfsmönnum bjóðast að meðaltali 3 klukkustundir í þjónustu á ári sem þeir geta ráðstafað en hámarksaðstoð til einstaks starfsmanns getur numið allt að 6 klukkustundum á ári.

Eftirfarandi þjónustupættir standa starfsmönnum Samkaupa til boða:

♦ Lífstílsráðgjöf: Mataræði, svefn og hreyfing, þyngdarstjórnun, reykingar, hár blóðþrýstingur, há blóðfita, offita og áunnin sykursýki eða hætta á slíkum lífisstílsjúkdómum – fyrir þá sem þurfa á stuðningi við breyttan lífsstíl að halda til frambúðar.

♦ Hjónabands- og fjölskylduráðgjöf. Tekur mið af áhrifamætti fjölskylduheildarinnar og velferð hennar höfð að leiðarljósi:

Samspil atvinnu- og fjölskyldulífs, ofbeldi á heimilum, vandamál með börn og/eða unglinga, hjúskaparerfiðleikar.

♦ Vandamál tengd fíkn. Áfengis-, vímuefna- og spilafíkn. Meðferð, forvarnir og ráðgjöf.

♦ Fjármálaráðgjöf: Gjaldprot, greiðslustöðvanir, ráðgjöf til einstaklinga og fjölskyldna sem eiga í greiðsluerfiðleikum, aðstoð við að öðlast heildaryfirsýn yfir fjármálin og leitun leiða til lausnar. Einnig greina ástæður greiðsluvanda og gera tillögur til úrbóta.

♦ Streitu- og tilfinningastjórnun. Viðbrögð við streitu- og álagstengdri vanlíðan. Á við bæði á vinnustað og eins heima fyrir og gegnir þeim tilgangi að auka vellíðan í starfi.

♦ Ráðgjafarþjónusta geðlæknis eða geðhjúkrunarfræðings. Geðskoðun, mat og ráðleggingar vegna geðraskana. Sérstök áhersla á einstaklinga sem hafa einkenni þunglyndis og kvíða.

♦ Sálfræðiráðgjöf. Viðtöl vegna ýmiss konar erfiðleika. Ráðgjöf til unglinga og foreldra. Persónugerð: Samskiptavandamál í vinnu og heima fyrir, færni og frami.


♦ Lögfræðiráðgjöf: Sambúðarslit, skilnaðar- og forræðismál, gjaldprot, samningar eða úrlausnarúrræði. Veita upplýsingar um réttarstöðu viðkomandi.

♦ Áfallahjálp. Sálræn skyndihjálp. Stuðningur við þolendur áfalla. Tilfinningaleg úrvinnsla fyrir einstaklinga, fjölskyldur og hópa. Fræðsla og upplýsingar um algeng sálræn og líkamleg viðbrögð sem komið geta fram við þessar aðstæður og úrræði við þeim. Mat á áhættuþáttum og þörf fyrir eftirfylgd.

♦ Starfsendurhæfing. Aðstoð vegna óvinnufærni með það að markmiði að starfsmaður nái sem fyrst hæfni til að takast á við athafnir daglegs lífs.

♦ Aðstoð við að greina og meta úrræði vegna langvarandi heilsubreysts í nánustu fjölskyldu (foreldrar, makar og börn). Aðstoð við að meta og greina úrræði vegna langvarandi veikinda í nánustu fjölskyldu starfsmanns.

♦ Svefnmeðferð.






## Menntun og fræðsla

Samkaup hefur sett aukinn þunga í menntun og fræðslu með staðbundnum fræðsluskotum, rafrænum fræðsluvettvangi og með því að leggja aukna áherslu á formlegar menntaleiðir innan verslunar og þjónustu.

Samkaup leggur ríka áherslu á að styðja starfsfólk sitt áfram til starfsþróunar og er eitt af meginmarkmiðum fyrirtækisins að starfsmenn Samkaupa fái tækifæri til að stunda nám samhliða vinnu sem opnar á möguleika til frekari starfsþróunar innan fyrirtækisins og utan þess.



### Markmið Samkaupa þegar kemur að fræðslu og menntun starfsfólks er:

- Að bæta hæfni og færni starfsfólks í kaupmennsku, þjónustu og verslunarrekstri.
- Að efla framkomu og þjónustulund starfsfólks við viðskiptavinum Samkaupa.
- Að fyrirtækið styrki einstaklinginn til starfsþróunar.
- Að auka starfsánægju og jákvætt viðhorf starfsfólks.
- Að efla menntunarstig starfsfólks Samkaupa til framtíðar.
- Að gera Samkaup að eftirsóttum vinnustað sem styður fólk áfram til framtíðar.





## Menntasprotinn 2020

Samkaup hf. hlutu Menntasprotu atvinnulífsins en verðlaunin voru veitt í Hörpu febrúar 2020 í tilefni af Menntadegi atvinnulífsins.

Í rökstuðningi dómnefndar kemur fram að Samkaup séu til fyrirmyndar og að stjórnendur fyrirtækisins hafi tekið markvissa ákvörðun um nýtt upphaf í fræðslu- og þekkingarmálum innan fyrirtækisins. Dómnefnd hafði einnig trú á því að skuldbinding fyrirtækisins í þessum efnum sé komin til að vera. Samkaup hefur sett fram skýr markmið með átaki sínu og sérstök áhersla lögð á hæfni og færni starfsfólks á öllum sviðum rekstursins samkvæmt dómnefndinni. Jákvætt viðhorf stjórnenda, mikil starfsánægja, gott almennt viðhorf og góðum möguleikum fyrir nýtt starfsfólk og viðskiptavinum félagsins er einnig hrósað. Samkaup hafa verið leiðandi í þróun og mótun á **Fagnámi fyrir verslun og þjónustu**, ásamt því að fara nýjar leiðir í eflingu fræðslu innan fyrirtækisins.

Starfsfólki Samkaupa stendur til boða að fara í raunfærnimat, þar sem það fær tækifæri til að fá reynslu sína og þekkingu, sem það hefur aflað sér í gegnum starf sitt, metna til framhaldsskólaeininga. Að því loknu eru þeir valkostir í boði; ljúka 30 eininga vinnustaðapætti, ljúka 90 einingum í **Fagnámi verslunar og þjónustu**, sem gilda einnig sem einingar upp í stúdentspróf, eða láta staðar numið. Þegar starfsfólk hefur lokið stúdentsprófi hefur það tækifæri á að halda áfram í háskólanámi, allt með stuðningi Samkaupa.




# Starfsfólk Samkaupa og Covid-19

Framlína Samkaupa hefur staðið sig með einstökum hætti og verið í fremstu víglínu þegar kemur að Covid-19. Það hefur staðið vaktina og unnið mikið þrekvirki allt síðasta ár. Stjórn Samkaupa ákvað árið 2020 að veita starfsfólki í framlínu aukabóknun, að verðmæti u.þ.b. 150 milljónir króna. Yfirskrift þóknunarinnar var:

## „Takk fyrir að standa vaktina“

„Það hefur verið gríðarlegt álag á starfsfólki Samkaupa árið 2020, sérstaklega í því ástandi sem hefur ríkt í kjölfar Covid, og því mikilvægt að við hlúum vel að því. Starfsfólkið okkar hefur unnið kraftaverk og ég get ekki hrósað því nógu mikið. Það hefur sýnt ótrúlega þrautseigju og baráttuanda. Það minnsta sem við getum gert er að gefa til baka,“ segir Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Samkaupa.

Aukabóknuninni var skipt og deilt út í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum fengu starfsmenn álagsgreiðslur, aukinn afslátt af matvöru, sjónvarpsáskrift, andlega upplýftingu og auka frítíma. Seinni hlutinn tók þá mið af því að gefa fólki gott tækifæri á að njóta lífsins í sumarfríinu, þar sem unnið var með samstarfsaðilum Samkaupa s.s. hótélum, veitingastöðum, bílaleigum og kvikmyndahúsum svo fátt eitt sé nefnt. Fengu allir starfsmenn veglegan gjafabréfapakka sem nýttist vel öllum starfsmönnum félagsins.





4

Umhverfisstefna





## „Samkaup leggja áherslu á að lágmarka neikvæð umhverfis-áhrif af starfseminni og nýta auðlindir eins og kostur er“

### Skýr umhverfisstefna

Samkaup ætla að vera leiðandi í umhverfismálum á smásölumarkaði þar sem félagið ætlar að eiga frumkvæði að þróun og innleiðingu á leiðum sem stuðla að sjálfbærni í dagvöruverslunum.

Samkaup leggja áherslu á að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfseminni og nýta auðlindir eins og kostur er.

Umhverfisstefnan nær til allrar starfseminnar. Samkaup leggja áherslu á að efla vitund starfsmanna og áherslu á mikilvægi þess að starfsmenn hugsi um umhverfið í daglegum störfum og fylgi umhverfisstefnunni án undantekninga. Lög og reglur í umhverfismálum eru uppfylltar á öllum starfsstöðvum.

Við kaup á vöru og þjónustu er tekið mið af umhverfisstefnunni og gerðar skýrar kröfur til birgja og undirverktaka um að þeir fylgi henni. Á það einnig við birgja þeirra og undirverktaka.

Á grundvelli umhverfisstefnunnar er unnið að stöðugum umbótum til að bæta markvisst árangur og sett eru skýr umhverfismarkmið fyrir hvert starfsár.

### Aðgerðir í loftlagsmálum

Samkaup skrifaði undir yfirlýsingu sem afhent var á loftlagsráðstefnunni í París árið 2015 um aðgerðir í loftlagsmálum og hafa fylgt henni síðan. Helstu markmið eru:

- ◊ Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs.
- ◊ Nota minna af óendurvinnanlegu hráefni og umbúðum, endurvinna og endurnýta.
- ◊ Mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta.

Samkaup heldur nákvæmt umhverfisbókhald um starfsemina. Bókhaldið skal nota til að ákvarða umfang og upphæðir til kolefnisjöfnunar rekstursins sem og gögn í samfélagsskýrslu sem gefin skal út árlega.







## Vöktun umhverfispáttanna

Til að vinna markvisst að bættum árangri hefur verið innleiddur umhverfisstjórnunar-hugbúnaður frá Klöppum.

Með hugbúnaðinum er unnt að vakta og greina alla helstu umhverfispætti í starf-seminni og vinna að lágmörkun umhverfis-áhrifa. Vöktunin nær til allra verslana og starfsstöðva Samkaupa.

Einn af kostum þess að nýta hugbúnaðinn frá Klöppum er að auðvelt er að mæla og fylgjast með kolefnisspori fyrirtækisins en eitt stærsta verkefnið er að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda.

Árið 2019 var fyrsta heila árið sem skráð var í umhverfisbókhald en mælingar á fyrri hluta ársins 2020 sýna að árangur er áfram að batna. Sem dæmi má nefna að kolefnisspor fyrirtækisins hefur lækkað um 11% á fyrri hluta 2020 samanborið við sama tímabil 2019.

Mælingar á umhverfispáttum eru markvissari og áreiðanlegri en áður og þannig hefur innleiðing hugbúnaðarlausnarinnar styrkt stjórnun umhverfismála mikið.

## Tökum umhverfismálin alla leið


Á hverju hausti útlistum við umhverfis-markmið næsta árs, bæði stór og smá, og setjum mælanleg markmið fyrir hvert og eitt. Við tilkynnum markmið okkar opin-berlega en starfsfólk okkar setur fyrirtæk-inu markmið á árlegum stjórnendadegi.



# Minni sóun

Allt frá árinu 2007 hefur starfsfólk Samkaupa stöðugt stigið ný skref í umhverfismálum. Allt frá sorpflokkun og almenntri endurnýtingu til orkusparnaðar og endurnýtingar orku. Um mitt ár 2015 tók Samkaup upp átakið „Minni sóun - allt nýtt“ en áttakinu er ætlað að kynna fyrir viðskiptavinum og starfsfólki hvað unnt sé að gera til að stuðla að minni sóun matvæla.

Allar verslanir Samkaupa bjóða nú stigvaxandi afslátt af vörum sem nálgast síðasta söludag. Vöruverð lækkar eftir því sem líftími vöru styttest og stuðlar þetta að minni sóun matvöru. Allt þetta undir slagorðinu Keyptu í dag – notaðu í dag! Átakið hefur stigvaxið síðustu ár, og náði hámarki árið 2020. Afslættir í gegnum átakið „Minni sóun - allt nýtt“ námu árið 2020 tæplega 300 milljónum króna.





# Flokkun á sorpi


Flokkun á sorpi er einn mikilvægur hlekkur í að ná fram auknum gæðum í umhverfinu. Samkaup hefur markvisst unnið að því að flokka sorp í öllum verslunum. Flokkun á sorpi er skráð í umhverfisbókhalð Klappa. Árið 2020 flokkuðu verslanir Samkaupa tæplega 920 þúsund kíló af almennu sorpi, 1 milljón kílóa af bylgjupappa og 220 þúsund kíló af lífrænu sorpi.

**Markmið Samkaupa í sorpflokkun er:**

- ◆ 50% almennt sorp
- ◆ 10% lífræn flokkun
- ◆ 40% pappi og plast til endurvinnslu




## Þróun á magni helstu úrgangsflokka



Þróun á magni helstu úrgangsflokka Samkaupa frá 2007.

## Skipting flokka á milli ára



Hlutfall helstu úrgangsflokka matvöruverslana Samkaupa frá 2007.




## Umbúðir breytast

Árið 2017 voru sett markmið um að minnka plastpokanotkun um 1 milljón poka. Því markmiði var náð árið 2019 og hefur verið stöðugt fylgt eftir á árinu 2020.

Árið 2020 hætti Samkaup með niðurbjótanlega burðarpoka í netverslun og tók upp pappapoka ásamt fjölnota plastboxum. Þá var einnig boðið upp á að skipta út fjölnotapokum eða kaupa nýja fjölnotapoka.








# Plastpokanum útrýmt

Alls fóru 9000 fjölnotapokar út úr verslunum Samkaupa í september árið 2020 meðan á átaki gegn plastpokum stóð.


Allt árið lagði Samkaup áherslu á að minnka notkun plastpoka í verslunum. Öllum burðarpokum hefur nú-verið skipt út fyrir lífniðurbjótanlega poka í stað plastpoka ásamt því að fjölnotapokar hafa verið gerðir meira áberandi og viðskiptavinir hvattir til að nýta þá.

Sala á burðarpokum hefur dregist saman síðustu ár, þó 2020 hafi orðið undantekning á þeirri vegferð.


- ♦ Sala á burðarpokum dróst saman um 500.000 milli ára.
- ♦ Poki pr. afgreiðslu hefur farið úr 0,39 niður í 0,28 á 8 árum.



Pokar pr. afgreiðslu



Sparaðir burðarpokar







## En „litlu“ atriðin skipta líka máli

- ♦ LED-lýsingu hefur verið komið á, í hluta verslana árið 2020.
- ♦ Engir „hnútapokar“ eru í verslunum heldur pappa eða niðurbjótanlegir.
- ♦ Allir frystar sem hafa verið keyptir nýir eru með lokum, til að spara orku.
- ♦ Fjölnotapokar hafa verið í notkun í mörg ár.
- ♦ Öllum frystum í verslunum hefur verið lokað, sem leitt hefur til 40% minni orkunotkunar.
- ♦ Árleg þjálfun í umhverfismálum á sér stað í verslunum í samvinnu við þjónustuaðila Samkaupa.
- ♦ Tilraunaverkefni er hafið í lokuðum kælum verslana sem leitt hefur til 20% minni orkunotkunar.
- ♦ Rafræn samskipti í bókhalds- og reikningshaldi.
- ♦ Orka sem kemur frá kælivélum er nýtt til húshitunar ef kostur er.
- ♦ Allir bílar í heimkeyrslu fyrir netverslun eru rafmagnsbílar.
- ♦ Burðarpokar verslana eru úr lífníðurbjótanlegu efni í stað plasts.



## Raforka – Heitt og kalt vatn

Notkun á orkugjöfum eins og rafmagni, heitu og köldu vatni er mæld mánaðarlega niður á hverja verslun. Með þessu eftirliti er hægt að koma í veg fyrir óþarfa orkunotkun strax og gera viðeigandi ráðstafanir til að nýta þessa auðlind betur. Árið 2020 var orkunotkun 16.394.008 kWst.





# Hvað gerðum við árið 2020?

Í lok september 2019 komu allir stjórnendur Samkaupa saman til að yfirfara stefnumótun verslana og móta lykilverkefni ársins 2020. Um 30% verkefna tengjast umhverfismálum á einn eða annan hátt.



Lykilverkefni og markmið í framkvæmd árið 2020



- ✓ Virkur þátttakandi í plastlausum september 2020.
- ✓ Minna á rafmagnsbíla sem sjá um heimsendingar.
- ✓ Innleiða plastkassa í netverslun og hætta að bjóða upp á burðarpoka.
- ✓ 50 tonn sparast með minni matarsóun.
- ✓ Útrýma plasti á ávaxta- og grænmetistorgum.
- ✓ Lista upp fyrir viðskiptavini sparnaðinn af því að nota fjölnotapoka.
- ✓ Skoða hleðslustöðvar við verslanir.
- ✓ Flokka sorp frá öllum verslunum.
- ✓ Flokka sorp í öllum verslunum – þ.e. starfsfólks og viðskiptavina.
- ✓ Útrýma einnota plasti úr öllum verslunum (bollar, rör o.fl.).
- ✓ Gefa 50% afslátt úr Bakað á staðnum síðustu 2 klukkutímana á dag.
- ✓ Setja upp áætlun um útskiptingu kælimiðla – fara úr freon yfir í CO<sub>2</sub>.
- ✓ Draga úr plasti á ávaxta- og grænmetistorgum eins og hægt er.

Umhverfismarkmið 2020

- ✓ Minnka sorp frá verslunum um 50 tonn.
- ✓ Útrýma sóun í kjötdeildum.
- ✓ Kolefnisjafna Samkaup hf.
- ✓ Innleiða plastkassa í netverslun og minnka selda burðarpoka um 50%.
- ✓ Útrýma einnota plasti úr öllum verslunum (bollar, rör o.fl.).
- ✓ Útrýma plasti utan um grillaðan kjúkling.
- Útrýma plasti í Bakað á staðnum.
- Útrýma prentuðum kvittunum úr verslunum.
- ✓ Minnka útsenda reikninga um 50%.
- ✓ Koma upp sorpflokkun á öllum starfsstöðvum.





## Kaupum rétt

Innkaupasvið Samkaupa leggur metnað í að velja inn vörur sem stuðla að umhverfisvænni verslun og miða að breyttu neyslumynstri viðskiptavina. Dæmi um þetta er Änglamark vörumerkið, sem stendur fyrir sjálfbærni. Vörurnar eru framleiddar úr bestu fánlegu gæða-hráefnum. Þær eru lífrænar, umhverfisvænar og án ofnæmisvaldandi efna.

Änglamark hefur sterka stöðu á Norðurlöndunum og hefur hlotið mikið lof. Í Danmörku hefur merkið náð sjöunda sæti á topp tíu lista YouGov Brand index (most mentioned brands) og fimmta sætinu á Women's favorite brand list. Í Noregi hefur Änglamark hlotið nafnbótina **Grænasta vörumerki Noregs** og sömu viðurkenningu í Svíþjóð átta ár í röð.

Með Änglamark náum við að mæta þörfum markaðarins og erum stolt að geta boðið upp á margverðlaunað gæðamerki líkt og Änglamark.







„Stefna Samkaupa er að viðhalda þessu góða sambandi og jafnframt efla það. Það er vilji okkar að auka framboð og sölu íslenskra afurða og við styðjum við okkar bændur með fjölpættum hætti til þess að ná því markmiði“

Stefán Guðjónsson  
Framkvæmdastjóri innkaupasviðs

## Innland grænmetis- og ávaxtaræktun

Samkaup hefur á undanförunum árum unnið markvisst að því að auka sölu á íslenskum afurðum. Með góðu samstarfi við bændur og smáframleiðendur færumst við nær markmiðum okkar, tryggjum framboð og fjölbreytileika tegunda, lágmörkum sóun og styðjum undir sölu á þeim eftirsóttu vörum sem íslenska framleiðslan er.

Með þéttni neti framleiðenda í öllum landsfjórðungum lágmörkum við kolefnissporin með beinum afgreiðslum í verslanir á nærsvæði hvers framleiðanda.

Nokkur frampróun hefur orðið í afbrigðum margra tegunda, framleiðsluháttum, húsakostum og geymsluskilyrðum sem nú gera okkur kleift að bjóða margar hverjar íslensku afurðirnar allt árið um kring. Með þessari frampróun náum við að lágmarka innflutning á þeim sömu tegundum og framleiddar eru hérlandis, enda hefur það sýnt sig að neytendur kjósa íslenskt sé þess kostur.



## Kolefnisjöfnun Samkaupa

Samkaup hafa innleitt umhverfisbókhald sem heldur utan um losun á CO<sub>2</sub>. Kerfið er frá nýsköpunarfyrirtækinu Klöppum og safnar það saman upplýsingum frá öllum þjónustuaðilum Samkaupa sem snýr að:

- ♦ Losun CO<sub>2</sub> í tonnum.
- ♦ Eldsneytisnotkun.
- ♦ Rafmagnsnotkun.
- ♦ Sorpi.
- ♦ Notkun á heitu vatni.
- ♦ Notkun á köldu vatni

Við áttum okkur á því að starfsemi okkar hefur neikvæð áhrif á umhverfið beint og óbeint. Aðgerðir okkar miða að því að lágmarka þessi áhrif og fara í mótvægisaðgerðir. Heildarlosun Samkaupa árið 2020 er 962,96 CO<sub>2</sub> ígildi í tonnum.

**„Samkaup hefur sett sér orkuskiptaáætlun til næstu ára þar sem freoni sem orkugjafa í kæli- og frystitækjum verður skipt út fyrir CO<sub>2</sub>“**

### Kolviður

Samkaup undirritaði samning við Kolvið árið 2020, til að kolefnisjafna félagið hvert ár. Markmið samningsins er að binda kolefni – CO<sub>2</sub> sem til fellur vegna starfsemi Samkaupa hf. Kolefnisbindingin á sér stað í gróðri og jarðvegi með landgræðslu og skógrækt sem Kolviður hefur umsjón með.

### Samkaup tryggja rekstur Opinna skóga

Samkaup gerði tveggja ára samkomulag við Skógræktarfélag Íslands og markmiðið með samstarfinu er að bæta aðstöðu og auka aðgengi á opnum skógræktarsvæðum í alfaraleið og miðla upplýsingum og fræðslu um lífríki, náttúru og sögu svo almenningur geti nýtt sér skógana til áningar, útivistar og heilsubótar.

Opnir skógar eru nú sautján talsins, staðsettir víðs vegar um landið þar sem er boðið upp á góða útivistaraðstöðu. Unnið verður áfram að þróun og bættu aðgengi þannig að sem flestir landsmenn geti notið þeirra miklu gæða sem felast í skógunum sem eru öllum opnir.







## Nettó Krossmói Fyrsta græna verslunin

Samkaup hefur sett sér orkuskiptaáætlun til næstu ára þar sem freoni sem orkugjafa í kæli- og frystitækjum verður skipt út fyrir CO<sub>2</sub>. Fyrsta verslunin var að fullu innleidd haustið 2020 og er árlegur sparnaður í raforku 275.202 kWst og vatni áætlaður 4.027 m<sup>3</sup>.

Nettó Krossmói – fyrsta græna verslunin. Nettó verslunarkeðjan er á þeirri vegferð að allar verslanir keðjunnar verði vottaðar grænar verslanir. Í nóvember 2020 var Nettó Krossmói vottuð sem fyrsta græna verslun Samkaupa, þar sem nýtt vélakerfi fyrir kæla og frysta kemur til með að spara 40.000 tonn af köldu vatni og lækka kolefnisspor kæla verslunarinnar um 99,977% milli ára. Þessum ótrúlega árangri er náð með því að skipta út kælum og frystum, sem ganga fyrir freoni, fyrir tæki sem ganga fyrir koltvísýringi. Á sama tíma má gera ráð fyrir að rafmagnsnotkun tengd kælitækjum í Nettó Krossmóum muni minnka um allt að 60% milli ára.



5

# Samfélagsleg ábyrgð





## Samfélagssjóður Samkaupa

Styrktarstefna Samkaupa endurspeglar markmið og gildi fyrirtækisins um samfélagslega ábyrgð á landsvísu.

Samkaup styrkir samfélög og félagasamtök nær og fjær eftir þeim farvegum sem við eiga hverju sinni. Ýmist með sjálfstæðu framtaki í verslunum, frumkvæði frá hverju vörumerki fyrir sig – í Nettó, í Kjörbúðinni, í Krambúðinni og í Iceland – eða beint undir merkjum Samkaupa. Þannig veitum við samfélögum aukinn styrk í gegnum traust og persónulegt samband við alla hagsmunaðila.





# Styrktarmál

Styrkirnir endurspeglu áherslur fyrirtækisins um þátttöku í samfélaginu og snúa að eftirfarandi flokkum:

## Heilbrigður lífsstíll

Hollur matur, næring, heilsueflandi forvarnir, hreyfing og íþróttir.



## Umhverfismál

Minni sóun, endurvinnsla, hagkvæm nýting auðlinda, sjálfbærni, vistvæn þróun og loftlagsmál.



## Æskulýðs- og forvarnarstarf

Hvers kyns æskulýðs- og félagsstarf barna og ungmenna, forvarnir sem snúa að börnum og ungmönnum og íþróttir barna og ungmenna.




## Mennta-, menningar- og góðgerðarmál

Menntamál sem snúa að verslun, mannúðarmál, góðgerðar- og hjálparstarf, listir og menningarmál.





## Styrkir – yfirlit og þróun





## Bakhjarl verkefnisins „Hvað getum við gert?“

Samkaup er einn helsti bakhjarl þáttaraðarinnar „Hvað getum við gert“ sem er framhald af þáttaröðinni „Hvað höfum við gert“. Sjónum var beint að lausnum, þróun og nýsköpun í loftlagsmálum. Áherslan var á valdeflingu einstaklinga og fyrirtækja í formi miðlunar upplýsinga, aðferða og leiðbeininga um til hvaða ráða einstaklingar, atvinnulíf og stjórnvöld geta gripið í baráttunni gegn loftlagsvánni.







## Nettó veitir milljónum til góðgerðarmála – óskað eftir tillögum frá viðskiptavinum

Nettó ýtti úr vör sértækri Covid-styrktaraðgerð undir nafninu „Notum netið til góðra verka“ og óskaði eftir tillögum frá viðskiptavinum um hvaða góðgerðarsamtök eigi að styðja við. Verkefnið felur í sér að **200 krónur af hverri sendingu úr netverslun Nettó munu renna til góðra málefna**. Í ljósi þess að netverslunin er sú langstærsta á landinu gæti upphæðin numið milljónum.

„Eftir að hafa velt fyrir okkur mörgum góðum og verðugum samtökum tókum við ákvörðun um að óska eftir hugmyndum frá viðskiptavinum okkar. Þannig getum við tekið þetta allt saman og séð hvar þörfin er mest eða hvaða málefni eiga best við samfélagsstefnu okkar. Okkar von er að sem flestar ábendingar berist því þetta er hvorki fyrsta né síðasta verkefnið af þessu tagi sem Nettó ræðst í,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa.



# Notum netið til góðra verka



Rúmlega 10.000.000 kr. söfnuðust í gegnum netverslun Nettó og styrkir voru veittir á Nettódeginum 3. desember 2020.

## Verkefni sem hlutu styrk

- Fjölskylduhjálpi Íslands.
- Hjálparstarf kirkjunnar.
- Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur.
- Mæðrastyrksnefnd Akraness.
- Mæðrastyrksnefnd Kópavogs.
- Mæðrastyrksnefnd Akureyrar.
- Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar.
- Píeta samtökin.
- Kraftur – félag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
- Velferðarsjóður Suðurnesja, Grindavík og Njarðvík.
- Rauði Krossinn á Egilsstöðum.
- Barnaheill – Save the Children á Íslandi.
- Ljósíð – endurhæfing fyrir Krabbameinsgreinda.
- Geðhjálpi barna.
- Samfélagssjóðurinn á Höfn.
- Matargjafir á Selfossi.
- Matargjafir á Ísafirði.
- Það er von.





# Heilsu- og lífsstílsdagar Nettó

Heilsu- og lífsstílsdagar Nettó hafa verið haldnir hátíðlegir tvisvar sinnum á ári bæði í janúar og svo aftur í september. Fyrstu Heilsudagarnir voru haldnir 2011 og hafa vinsældir Heilsudagana aukist frá ári til árs.

Það er ávallt margt og mikið í boði á Heilsudögum Nettó; verslanir þakkfullar af spennandi tilboðum, leikir á samfélagsmiðlum, kynningar ásamt fróðleik og ráðgjöf í verslunum. Í tilefni Heilsudaga er samhliða gefið út vandað 128 blaðsíðna Heilsublað þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um vöru-tilboð, girnilegar og hollar uppskriftir, spennandi viðtöl og fróðleiksmola varðandi heilnæman og góðan lífsstíl.

Á Heilsudögum Nettó er boðinn 25% afsláttur af lífsstíls- og heilsuvörum á 3.000 vörunúmerum. Þetta eru t.a.m. vörur sem flokkast undir lífrænar vörur, hollustuvörur, vegan, ketó, bætiefni og margt fleira.


Úrvalið eykst frá ári til árs og hefur aldrei verið meira og geta allir fundið eitthvað sem hentar þeirra heilsu- og lífsstíl hvort sem markmiðið er að minnka sykurlát, leggja ríkari áherslu á lífrænt fæði eða sýna umhverfinu meiri umhyggju. Hollusta og heilbrigði eru í brennidepli hjá landsmönnum í síauknum mæli.

Við erum afar þakklát okkar viðskipta-  
vinum fyrir að gera Heilsudaga að  
þeim stórvíðburði sem þeir eru, því  
áhugi og endurgjöf frá viðskiptavinum  
okkar veita okkur klárlega hvatningu  
til að stækka og bæta stöðugt úrvalið  
af hollum og lífrænum valkostum  
í verslunum Nettó.



6

# Tækni og nýsköpun





# Framtíðarsýn Samkaupa er að vera tæknilega fremst í verslunarháttum og áfram leiðandi í netverslun

## Minni raðir


29,41% af öllum afgreiðslum fara í gegnum sjálfsafgreiðslukassa í verslunum Samkaupa. Nettóverslanir hafa gengið lengst í innleiðingu en viðskiptavinir Nettó þjónusta sig sjálfir í 48,51% tilfella.

## Leiðandi í netverslun

Nettó rekur 17 verslanir um land allt og er hægt að panta matvöru af netinu í 15 þeirra. Nettó var fyrsta lágvöruverslunin til að opna netverslun fyrir matvörur á Íslandi í september 2017 og er sama verð í versluninni og í netversluninni. Sala í netverslun Nettó hefur margfaldast árið 2020.



Í netverslun Nettó er bæði hægt að fá heimsent og sækja vörur í verslanir þar sem er búið að taka þær saman. Aukin sala hefur einnig verið á landsbyggðinni og var ákveðið að opna á netverslun og heimsendingu í öllum landshlutum til að mæta þörfum viðskiptavina.

Allar heimsendingar Nettó á höfuðborgarsvæðinu eru keyrðar út á rafmagnsbílum og er því almennt umhverfisvænna að panta vörur heim auk þess sem það sparar viðskiptavinum tíma.





Netverslun Nettó er langstærsta netverslun landsins með matvöru og hlutfall verslunar á netinu er komið þangað sem við bjuggust við árið 2023:







„Að taka þátt í nýsköpun og vöruþróun fyrir hinn síbreytilega íslenska markað er alltaf spennandi. Ég er stoltur að fá að taka þátt í þessu verkefni sem rímar líka einkar vel við umhverfisstefnu okkar sem og áherslur keðjunnar á mikilvægi innlendrar framleiðslu“

Gunnar Egill Sigurðsson  
Framkvæmdarstjóri verslunarsviðs

## Nýsköpun í verki

Samkaup er stoltur bakhjarl viðskiptahraðalsins „Til sjávar og sveita – frá hugmynd í hillu“ og lítur á sitt framlag sem brú milli nýsköpunar og viðskiptavina. Viðskiptahraðallinn **Til sjávar og sveita** býður upp á metnaðarfullan vettvang til vöruþróunar fyrir verkefni sem snúa að hátækni í matvæðnaði, nýjum lausnum í landbúnaði og haftengdum iðnaði og betri nýtingu hráefna þar sem sjálfbærni og nýsköpun eru höfð að leiðarljósi. Hraðallinn er einnig tilvalinn vettvangur fyrir þróun tæknilausna ætluðum verslun og þjónustu, t.d. greiðslumiðlun, birgðastýringu, flutningi og þess sem snýr að því að koma vörum í hendur viðskiptavina.

Hraðlinum er ætlað að hraða ferlinu frá því að hugmynd kviknar þar til vara er komin á markað.

Árlega eru allt að tíu fyrirtæki valin til þátttöku í tíu vikna viðskiptahraðli. Þátttakendur fá aðgang að sameiginlegri vinnuaðstöðu og njóta leiðsagnar fjölda reyndra frumkvöðla, fjárfesta og annarra sérfræðinga auk fræðslu og þjálfunar. Þátttakendur fá jafnframt fjölda tækifæra til að koma hugmyndum sínum á framfæri og efla tengslanetið.



7

Lokaorð





# Höldum áfram veginn

Þegar faraldrinum linnir munu samfélögin rísa á ný. Að einhverju marki verða þau áfram sambærileg þeim sem við höfum áður þekkt, en í öðrum efnum munu ný viðhorf og aðferðir gerbreyta framtíðinni. Samkaup mun halda áfram að vera þátttakandi og leiðandi inn í nýja tíma. Þar kunna tækifærin og viðfangsefnin að verða nýstárleg, en það verður áskorun og ábyrgð fyrirtækisins að láta til sín taka á vettvangi samfélagsábyrgðar.

## Framtíðarsýn

Samkaup er þekkt fyrir að fara alla leið í þágu vörugæða og þjónustu ásamt því að vera í fararbroddi í nýsköpun og um leið í því að skapa tækifæri fyrir viðskiptavinum, samfélag og starfsfólk.



## Stefnuáherslur Samkaupa

Leiðarljós í heildarstefnu Samkaupa móta megináherslur og markmið í starfseminni:

- ◊ Við einbeitum okkur að ferskum matvælum.
- ◊ Við hugsum aðallega um fólk.
- ◊ Við erum alls staðar nálæg á Íslandi.
- ◊ Rætur okkar liggja í samvinnuhugsun.
- ◊ Við leggjum okkur fram um að vera ábyrg.
- ◊ Í öllum okkar verkum leggjum við áherslu á hagkvæmni og góða meðferð fjármuna sem endurspeglast í traustri fjárhagsstöðu og ásættanlegri arðsemi eigendum og samfélaginu til hagsbóta.